

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 3. mgr. 115. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. 1. gr. laga nr. 147 28. desember 1995, öðlast gildi 1. janúar 1996.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um umferðaröryggisgjald, nr. 6 9. janúar 1995.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. desember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 222/1987 um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi vegna afurða nautgripa, sauðfjár og hrossa.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar:

Í stað tölunnar 130 komi 160, í stað tölunnar 850 komi 1050 og í stað tölunnar 290 komi 150.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. desember 1995.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 15/1995 um verðbreytingarstuðul fyrir árið 1995.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75, 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 36, 2. apríl 1991, um breytingu á þeirri grein, hefur ríkisskattstjóri reiknað verðbreytingarstuðul fyrir árið 1995 og nemur hann 1,0321 miðað við 1,0000 á árinu 1994.

Reykjavík, 21. desember 1995.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.